

Stöðuskýrsla vegna UNESCO-skóla verkefnisins - 2024

Skóli: **Menntaskólinn á Tröllaskaga**

1. *Hverjir eru tengiliðir skólans vegna UNESCO-verkefnis, nefnið nöfn og netföng:*

Ida Marguerite Semey - ida@mtr.is

2. *Helstu þemu UNESCO-skólar eru: Alþjóðasamvinna; starfsemi Sameinuðu þjóðanna; heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun og friður og mannréttindi.*
3. *Hefur skólinn þinn/ýkkar unnið sérstaklega með þessi þemu, útskýrið.*

Alþjóðasamvinna - Erasmus verkefni Heimsmarkmiðin - inn í öllum námsgreinum: Meðal annars höfum við unnið með eftirfarandi þemu og heimsmarkmið inn í námsgreinum:

- **Menntun fyrir alla**

Námsumhverfi skólans gerir það að verkum að nemendur geta stundað nám sitt óháð stað og stund, flest allir áfangar eru bókalausir og styðjast við rafrænt námsefni.

- **Ábyrg neysla - Líf á landi.** Yndiseldun er áfangi í fjarnámi sem kenndur var á haustönn 2023. Í áfanganum elda nemendur heima sér til ánægju og yndisauka. Áætlað er að nemendur eldi eina máltíð á viku eftir uppskrift og áhersla er lögð á að elda allt frá grunni. Um leið eiga nemendur að hafa heimsmarkmið SP að leiðarljósi og velta fyrir sér mat úr héraði, matarsóun, kolefnissporum matvæla og plastnotkun. Nemendur halda utan um matreiðsluna í rafrænni myndadagbók þar sem þeir segja frá í rituðu máli, mynd og tali.

Heilsa og vellíðan - Ábyrg neysla : „Tilveran“ er áfangi sem kenndur er á starfsbraut og á haustönn var lögð áhersla á matreiðslu og næringu. Eins og nafnið gefur til kynna fengu nemendur tilsögn í grunnþáttum matreiðslu og fræðast um mikilvægi góðrar næringar. Áfanginn er bæði verklegur og bóklegur.. Sérstaklega var fjallað um ávexti og grænmeti sem gefa okkur mikið af trefjum, vítamínum og öðrum fjörefnum.

- **Heilsa og vellíðan.** Menntaskólinn á Tröllaskaga er heilsueflandi framhaldsskóli og leitar ýmissa leiða til að huga að jafnt andlegri- sem líkamlegri heilsu nemenda sem starfsfólks. Fastur liður í forvarnarstarfi skólans er þátttaka í Forvarnardegnum. Í tilefni dagsins fengu nýnemar í MTR kynningu á góðum árangri í forvarnarmálum á Íslandi sem lýsir sér m.a. í minnkandi áfengisneyslu og reykingum meðal ungs fólks.

Nýjar áskoranir, s.s. neysla orkudrykkja, notkun nikótínþúða og of lítill svefn ungmenna, voru einnig ræddar. Auk þess var fjallað um verndandi þætti gegn áhættuhegðun. Nýnemarnir tóku að því loknu þátt í hópavinnu og umræðum um þessi efni og skráðu og skiluðu inn hugmyndum sínum á vef forvarnardagsins.

Heilsa og vellíðan

Í miðannarvika vorannar, þar sem brotið er upp hefðbundið skólastarf, var kenndur áfangi sem hét „Heilsa og markþjálfun“. Markmið áfangans var að efla og styrkja vitund þátttakenda á alhliða heilsusamlegu líferni og gera sér grein fyrir eigin ábyrgð í þeim efnum. Áfanganum var skipt í fyrirlestra og verklegar æfingar og voru nemendur mjög áhugasamir og tóku virkan þátt. Nemendur skoðuðu einnig sína styrkleika, lærðu hvernig á að setja sér markmið og hvernig átti að vinna að þeim auk þess sem mataræði var skoðað.

Jafnrétti kynjanna - Kynjafræðiáfangar voru í boði á öðru og þriðja þrepi í MTR skólaárið 2023-2024 auk þess að greinin er kynnt í inngangi að félagsvísindum sem allir nemendur þurfa að taka. Í félagsfræði er t.d. fjallað um lög og reglugerðir, um jöfnuð og um konur í stjórnámálum.

Nemendur í dönsku vinna verkefni tengd jafnrétti á dönsku, unnið er með raunefni, bæði texta og myndskreið.

Í íslensku er t.d. fjallað um sterkar kvenpersónur í Laxdælu og komið inn á jafnrétti.

- **Jafnrétti kynjanna** - Könnun var lögð fyrir starfsmenn skólans vegna jafnlauna- og jafnréttisstefnu. Niðurstöðurnar voru að starfsolk væri vel upplýst um hana og markmið hennar ásamt unni eftir hana ætíð þegar á við.
- **Líf á landi** Í umhverfisáfangum hafa nemendur unnið með grænfræðingum Náttúruverndar sem snýst um verndun lífbreytileika, jarðfræðilegra minja, landslags, víðerna og náttúruminja fyrir umsvifum manna.
- **Engin fátækt og ekkert hungur** Nemendur vinna með þessum heimsmarkmiðum í tengsl við lestri á t.d. Laxdælu. Tekið er fyrir fátæktahugtakið og farið er í umræðu um hungur. Í öðrum íslensku áfanga er fjallað um fátækt í tengslum við uppvaxtará rithöfunda.

20. mars 2024 Alþjóða Hamingjudagurinn var fyrst haldinn árið 2013 með það að markmiði að vekja athygli á hamingju og vellíðan sem mikilvægu markmiði fyrir einstaklinga og stjórnvöld um heim allan. Í tilefni dagsins var skipulögð dagskrá í MTR sem samanstóð af fræðslu og skemmtun. Settur var saman spilunarlisti af lögum um hamingjuna og hljómuðu þau í sal skólans, horft var á myndbönd sem vöktu

umhugsun um hvað gerir okkur hamingjusöm og í kjölfar þeirra veltu nemendur fyrir sér hvað gerði þau hamingjusöm og völdu orð sem þeim finnst ná yfir þá tilfinningu. Þar urðu efst á blaði orð eins og gleði, vinátta, ást, bros og hlátur. Voru þessi orð síðan skorin út í laserskera skólans og munu prýða ganga hans í vetur. Ákveðið var að bjóða upp á pizzur og franskar í hádeginu en auk þess var í boði lifandi tónlist frá hljómsveit sem sett var saman í tilefni dagsins. Hana skipuðu þrír kennarar og nemandi og fékk hún að sjálfsgöðu nafnið Hamingjubandið.

- **25.09.2023 Fánadagur Heimsmarkmiðana.** Haldinn á fánadegi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna með því að draga fána á húni við MTR.

Tilgangur fánadagsins er að minna á mikilvægi heimsmarkmiðanna og að fyrirtæki, stofnanir, félagsamtök, skólar og sveitarfélög um allan heim, sýni skuldbindingu sína við heimsmarkmiðin og aðgerðirnar sem þau krefjast. Þann 25. september 2023 eru átta ár liðin frá því að heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun voru samþykkt.

- **24. janúar 2024 var Alþjóðlegi menntadagurinn** og beindi UNESCO, Mennta-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, kastljósinu að hatursorðræðu en menntun og kennarar hafa lykil hlutverki að gegna í að takast á við hana. Í tilefni dagsins var fána heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna flaggað við skólann og síðan var dagskrá sem tengdist þema dagsins: hatursorðræða.

Alþjóðasamvinna -MTR hefur verið Erasmus+ skóli frá vorinu 2022 og hafa nemendur og kennarar notið góðs af. Það opnar margar dyr varðandi alþjóðlega samvinnu og þá sérstaklega verkefni sem ríma við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Hér eru talin upp þau fjölmörgu samstarfsverkefni sem kennarar og nemendur MTR vinna í, ásamt námskeiðum erlendis:

- **Alþjóðasamvinna og Aðgerðir í loftslagsmálum** Í október 2023 fór fimmtán manna hópur nemenda og kennara til Kaupmannahafnar þar sem þau unnu verkefni með nemendur KVUC í tengsl við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á stórborgum eins og Kaupmannahöfn. einnig var sameiginlega saga Íslands og Darnemrkur könnuð. Farið var með hópinn í Arnamagnæanske Samling. Þar eru gömlu handritin varðveitt sem eru á heimsminjaskrá. Ferðin var var styrkt af Erasmus+. Sjá [hér](#) rafbók um verkefnið
- **Becoming a Biomaker School** - Samstarfsverkefni með skólum frá Króatíu, Portúgal og Spáni. Verkefnið snýst um þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem lúta að **umhverfi** og **sjálfbærni**. Markmiðið er að stuðla að aukinni sjálfbærni, aðgerðum í loftslags- og umhverfismálum í hverjum skóla fyrir sig og efla tengslanet skólanna í sambandi við umhverfismál. Leiðarstef verkefnisins eru hin fornu frumefni; jörð, loft,

eldur og vatn. Við tókum á móti a hópi nemenda og kennara úr erlendu skólunum haustið 2023. Unnið var með heimsmarkmiðin og þau tengd við þá grænfánavinnu sem fer fram í skólanum. Hópurinn tók einnig til hendinni utandyra, gróðursetti með Skógræktarfélagi Ólafsfjarðar og hreinsaði fjörur í Ólafsfirði með Veraldarvinum. Heimsókn gesta MTR lauk með heimsókn á Bessastaði

Í apríl 2024 fór 15 manna hópur nemenda og kennara frá MTR til Spánar í tengslum við þetta verkefni. Þar var unnið áfram í sama verkefni en nemendur áttu að búa til leikir og þrautir tengd frumefnin og umhverfisfræðslu sem lögð voru fyrir 7 ára nemendur í lok dvalarinnar.

- **UNESCO skólar.** 7 manna hópur frá Spáni kom í 5 daga heimsókn í MTR, 5 nemendur og 2 kennarar. Þetta er Erasmus+ verkefni í skólanum hjá þeim og markmiðið var að kynna lífi jafnaldrar í öðru landi og samtímis að styrkja UNESCO tengslanetið. Skólinn þeirra er með Erasmus vottun eins og MTR. Nemendurnir unnu verkefni með nemendur úr áfanganum **UMHV - heimsmarkmið og sjálfbærni** um einkenni UNESCO skóla og kynnt sér hvernig skólarnir vinna með heimsmarkmiðin. Um leið var unnið í drög að framtíðar samstarfsverkefni. Heimsókn gesta MTR lauk með heimsókn á Bessastaði. Sjá [hér](#) rafbók um verkefnið.
- 19.02.2024 Endurmenntunarnámskeið í listum. 3 kennarar frá MTR fóru til Lanzarote ásamt 9 kennurum frá 3 öðrum UNESCO skólum á Íslandi.. Námskeiðið snerist um listsköpun, náttúru og áskoranir tengdum sjálfbærni. Þetta var fyrsti liður í að styrkja böndin milli UNESCO SKÓLA hér á landi. Sjá [hér](#) rafbók um námskeiðið.
- **Connected learning** - Samstarfsverkefni til tveggja ára sem lauk núna í vor 2024 þar sem hópur kennara frá MTR tók þátt í með pólskum kennurum um að þróa námsefni en þar komu kennarar MTR fram með mikilvæga þekkingu og reynslu á notkun upplýsingatækni við kennslu sem þeir deila með pólsku kennurunum. <https://www.mtr.is/is/moya/page/polska>
- 4. *Hefur þú kynnt þér nýja heimasíðu UNESCO-skóla þar sem m.a. er að finna vandað og fjölbreytt kennsluefni sem hentar vel þeim UNESCO-skóla? Ef svo er, hvernig finnst þér/ykkur hafa tiltekist með síðuna? Er eitthvað sem þér/ykkur finnst e.t.v. vanta á síðuna?*

Við höfum ekki nýtt okkur vefinn en skoðað hann og sjáum mikla möguleika á að nýta hann í okkar starfi sem hugmyndabanki.
- 5. *Eru tengiliðir skólans eða annað starfsfólk skólans meðlimir á FB síðu UNESCO-skóla?*

Já, við erum nokkrar sem erum á síðunni. Ég hef deilt verkefnum og hugmyndum sem við erum að vinna í og sýnt ýmislegt sem við erum að gera.

6. *Hefur skólinn leitað eftir aðstoð frá verkefnastjóra UNESCO-skóla vegna einhvers sem tengist framkvæmd eða innleiðingu á UNESCO-skólaverkefninu?*

Á þessu skólaári höfum við verið að byggja ofan á eigin reynslu og höfum haft samband við verkefnastjóra sem hefur reynst okkur vel. Við höfum miðlað til hans reynslu okkar og upplýsingum um hvernig gengur. Verkefnastjóri hefur haldið rafrænt erindi fyrir okkur ásamt nemendum og kennurum samstarfsskóla okkar s.l. haust.

7. *Hefur skólinn þinn/ykkar fengið stuðning við innleiðslu UNESCO-verkefnisins frá ykkar skólastjórnendum, útskýrið? Ef ekki, segið þá frá hvernig betur má standa að verki.*

Við fáum allan stuðning sem þarf við Unesco tengd verkefni. Starfsfólk ræðir saman á fundum, þar sem stjórnendur eru líka og fáum tíma til að sinna verkefninu. Við erum hvött til að flétta Unesco tengd verkefnum inn í skólastarfið á mismunandi hátt eins og við teljum best. Eins og við erum dugleg í að gera.

8. *Hefur almennt verið reynt að innleiða UNESCO-skólaverkefnið í allt skólastarfið eða eru einungis ákveðnir kennarar/fög/deildir þar sem unnið er með verkefnið?*

Já, við höfum frá upphafi haft það að markmiði að innleiða Unesco skólaverkefnið í allar námsgreinar og í skólastarfið í sinni heild. Markmið okkar er að það verði sýnilegur rauður þráður í öllu skólastarfi hjá okkur. Það er hins vegar ennþá misjafnt í hversu miklu magni við erum að vinna með heimsmarkmiðin í námsgreinunum. Við söfnum saman dæmum um viðfangsefni og skráum í skjal flokkað eftir námsgreinum til að fá góða yfirsýn yfir hvað er að gerast.. Þannig getum við fylgst með með framvindu verkefnisins.

Við erum með fataslá og hillu fyrir notuð föt og annað sem má nýta. Þar geta nemendur og kennarar komið með notuð föt og/eða dót og tekið jafnvel annað í staðinn sér að kostnaðarlausu.

Það er mjög mikilvægt að koma því að að skólinn sem stofnun vinnur með heimsmarkmiðin að leiðarljósi. Skólinn er búin að ljúka við öll 5 grænu skref í ríkisrekstri, er Grænfánaskóli og búinn að fá Erasmus aðild.

Ef horft er til kennslufræðilega nálgunina sem mælt er með í Unesco (sjá <https://www.un.org/en/transforming-education-summit/about>) er Menntaskólinn á Tröllaskaga kominn langt á veg. Kennslufræðilega módelið sem við vinnum eftir er s.k. Tröllaskagamódeli

<https://skolathraedir.is/2021/03/09/trollaskagamodelid-nam-og-kennsla-i-menntaskolanum-a-trollaskaga/>

9. *Er almenn ánægja innan skólans um að hafa tekið þátt í UNESCO-skólaverkefninu?*

Já við teljum svo vera. Við höfum fengið jákvæð viðbrögð frá bæði kennurum og nemendum og er starfið verður sífellt markvissara að okkar mati.

10. *Hafa kennarar og annað starfsfólk skólans tekið þátt í námskeiði Félags Sameinuðu þjóðanna um heimsmarkmiðin sem haldið hefur verið á haustin? Ef ekki, er e.t.v. áhugi á að mæta á námskeið haustið 2024?*

Við höfum ekki tekið þátt í neinum námskeiðum um heimsmarkmiðin en höfum verið í virkri jafningjafræðslu. Það er mikill áhugi á símenntun í skólanum og örugglega áhugi á því. Hins vegar erum við búin að vera mjög dugleg að miðla okkar á milli og finna leiðir til að innleiða þau í nám og kennslu hjá okkur sem verður á margan hátt markvissara inn í skólastarfið.

11. *Telur þú/þið þörf á að kennarar í UNESCO-skólum fundi reglulega ásamt verkefnastjóra UNESCO*

Eins og við nefndum í fyrra held ég það væri sniðugt að hittast og taka stöðuna, einu sinni á ári - eða jafnvel í upphafi og í lok skólaárs. Einu sinni með framhaldsskólum og einu sinni með öllum.

12. *Hefur skólinn tekið þátt í Heimsins stærstu kennslustund sem er eitt af stóru árlegu verkefnum UNESCO-skóla? Ef ekki, hvers vegna?*

Nei, það er alltaf spurning hvernig það passi inn í dagskrána hjá okkur. Eins og er passar þetta ekki inn í okkar skóladagatal og/eða stundaskrá. Það hefur hingað til verið í lok haustannar eða í miðannarviku hjá okkur þar sem fram fer námsmat hjá okkur og hefðbundið skólastarf ekki í gangi.

13. *Eitthvað annað sem þú/þið viljið nefna?*

Heimsókn okkar í IES Andreu Sempere í Alcoi, sem er Unesco skóli og er með aðild að Erasmus, varð til þess að ég fór í viku starfsheimsókn (job shadowing) í skólanum í vor. Auk þess kom hópur nemenda og kennarar frá þeim til okkar. Markmiðið með gagnkvæmu heimsóknum var að kynna hvernig við erum að vinna sem UNESCO skóli, hvernig og hvers konar erlendu samstarfi við erum í, þökk sé okkar Erasmus aðild, og og kanna hvort flötur væri fyrir samstarfi. Við stefnum á að sækja um sérstakan Erasmus styrk til að fara í samstarf núna í haust.

Einnig var mjög áhugavert að fara á námskeið saman með 3 öðrum UNESCO skólum. Tækifæri gafst til að kynnst betur og velta fyrir okkur hvernig við erum að vinna með heimsmarkmiðin og tengjast betur okkur á milli.

Í lok annar hafa nemendur og kennarar svarað könnun um hvaða 5 alþjóðadagar, sem myndu passa inn á haustönn, ætti að vinna með næsta haust. Markmiðið er að það verði unnið markvisst inn í námi allra nemenda við skólann, ekki bara staðnema.

Dagarnir 3 sem fengu flest atkvæði eru:

1. Alþjóðadagur friðar
2. Alþjóðadagur gegn kynbundnu ofbeldis
3. Alþjóðadagur framtíðar heimsins.

Við munum leggjast yfir þetta en tilvalið væri að vera með þemaviku í anda friðar.